

Fundargerð verkefnahópsfundar 23. ágúst 2019.

Fundur haldinn á Ísafirði, þróunarsetur Vestfjarða, kl 10:30.

Mættar voru: Margrét Geirsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Arnheiður Jónsdóttir og María Játvarðardóttir, einnig sat fundinn Sif Huld Albertsdóttir framkvæmdastjóri sem einnig ritaði fundargerð

1. Reglur um stuðningsfjölskyldu 2020  
Framkvæmdastjóra falið að senda út viðauka 1 fyrir árið 2020, með þeim breytingum sem rætt var um á fundinum, að það verði tengt grunnvísitölu frá því að reglurnar voru samþykktar.
2. Fjárhagsáætlun 2020.  
Framkvæmdastjóri fór yfir vinnu haustsins. Heimsóknir á alla staði til að fara yfir fjárhagsáætlunargerð með hverju félagsþjónustusvæði fyrir sig. Afmörkun stjórnunarkostnaðar þarf að berast sveitarfélögunum sem fyrst.
3. Styrkur um náms, verkfæra og tækjakaup.  
Verkefnahópur samþykkir styrki til náms, verkfæra og tækjakaupa enda rúmast styrkurinn innan fjárhagsáætlunar BsVest 2019. Framkvæmdastjóra falið að kynna stjórn og greiða út styrkinn.
4. Önnur mál.
  - a. Strandabyggð
    - i. Samtal um þjónustu.
  - b. Starfsdagur  
Frestað til næsta fundar
  - c. Ísafjarðarbær
    - i. Samtal um þjónustu vegna einstaklings sem er í skóla utan lögheimils.
5. Trúnaðarmál.  
Framkvæmdastjóri fór yfir trúnaðarmálið.

Fundi slitið 12:00

Sif Huld Albertsdóttir

Framkvæmdastjóri BsVest